

Ragnarsbók - fræðirit um mannréttindi

Ritstjórn: Brynhildur G. Flóvenz, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Dögg Guðmundsdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir

Bókarheiti: Ragnarsbók – fræðirit um mannréttindi

Gagnrýnandi: Svala Ísfeld Ólafsdóttir, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Útgáfa: Hið íslenska bókmenntafélag, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Reykjavík 2010, 527 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „*Ragnarsbók er í heild mikilsvert framlag til fræðilegrar og almennrar umræðu um þýðingarmikil samfélagsleg málefni. Ritið mun án efa gagnast í háskólakennslu, í starfi ýmissa fagstétta, einkum lögfræðinga, auk þess sem áhugamenn um mannréttindi, réttarríkið og þróun lýðræðislegra stjórnarháttanna almennt ættu að finna þar sitthvað við sitt hæfi. Frágangur ritsins er ritstjórn og útgefendum til sóma.*“

BÓK TIL HEIÐURS BARÁTTUJAXLI

Ragnarsbók er safn fræðigreina gefið út til heiðurs Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni í tilefni af sjötugsafmæli hans. Ritið er samvinnuverkefni Mannréttindaskrifstofu Íslands, lagadeildar Háskólans á Akureyri og lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Ritið inniheldur greinar eftir 23 höfunda, innlenda og erlenda. Viðfangsefni þeirra tengjast með einum eða öðrum hætti helstu áherslu- og áhugasviðum Ragnars á löngum ferli hans sem lögmanns, þ.e. mannréttindum, stjórnskipan og réttarríkinu.

Ragnar Aðalsteinsson hefur óhræddur barist fyrir réttindum borgaranna og ekki síður réttindum lítilmagnans og verið virkur þátttakandi í opinberri umræðu um mannréttindi og málefni réttarríkisins. Sem lögmaður hefur hann rekið ótal mál um mannréttindi fyrir dómstólum landsins og náð mikilvægum árangri og þannig átt þátt í aukinni vitund um vernd mannréttinda og þróun dómaframkvæmdar á því sviði. Hann var einn stofnenda Mannréttindaskrifstofu Íslands og formaður hennar um árabíl. Ragnar hefur óhræddur viðrað skoðanir sínar, verið samkvæmur sjálfum sér og ekki látið á sig fá þótt skoðanir hans hafi stundum mætt andspyrnu og gagnrýni.

Í Ragnarsbók er að finna ritrýndar fræðigreinar og óritrýndar hugleiðingar. Flestar greinarnar eru á sviði mannréttinda, þar á meðal tvær sem varða tengsl ESB-réttar og mannréttindasáttmála Evrópu og fimm greinar um tjáningarfrelsið auk annarra greina á mismunandi sviðum sem tengjast alþjóðlegum mannréttindum. Þá er í bókinni að finna einar fjórar greinar sem tengjast umræðu um lýðræði og réttarríkið. Loks er að finna greinar um þjóðarétt og að síðustu grein á sviði höfundarréttar, en Ragnar hefur einnig látið sig það svið varða.

Greinarnar eru eðlilega misjafnlega umfangsmiklar eins og títt er í afmælisritum af þessu tagi. Sumar eru langar og vel ígrundaðar og fela í sér mikilvægt fræðilegt framlag. Má þar nefna grein Eiríks Tómassonar, Meginregla réttarríkisins í skilningi mannréttindasáttmála Evrópu, en greining hans á dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu að því er varðar beitingu meginreglunnar um réttarríkið er áhugaverð. Þetta á einnig við um grein Hermans Saltons, sem um tíma stundaði rannsóknir við Mannréttindaskrifstofu Íslands, og fjallar um franska löggjöf um notkun trúartákna í skólum. Þetta efni ber hátt um þessar mundir. Í þessum flokki er einnig ástæða til að nefna grein Rachel L. Johnstone sem gegnir stöðu dósents við lagadeild Háskólans á Akureyri undir heitinu Who is the State? Visions of State Responsibility in Three United Nations Institutions. Greinin fjallar um álitaefni um lögsögu og ábyrgð ríkja að þjóðarétti. Aðrar greinar eru styttri og hafa að geyma hugleiðingar um efni sem m.a. tengjast samtímaviðburðum á Íslandi þar sem þess er freistað að setja þá í samhengi við grunnþætti réttarríkis. Í því sambandi má nefna áhugaverða hugleiðingu Oddnýjar Mjallar Arnardóttur sem ber yfirskriftina Grunnhugmyndin um réttarríkið á viðsjárverðum tímum. Hún leggur áherslu á að þótt við óvenjulegar aðstæður sé að etja sé mikilvægt að missa ekki sjónar af grunnildum réttarríkisins.

Hér er aðeins fátt eitt nefnt af áhugaverðum greinum í ritinu og þótt aðrar séu ekki sérstaklega nefndar hér eða efni þeirra rakið er ekki gert lítið úr fræðilegu mikilvægi þeirra og umræðu líðandi stundar. Þá ber þess að geta að höfundar greina eru ekki eingöngu lögfræðingar, heldur má finna á meðal þeirra tvo stjórn málafræðinga, sem og Vilhjálmm Árnason heimspekiþáttfarar og Þorvald Gylfason hagfræðiþáttfarar. Er það í góðu samræmi við verklag Ragnars sjálfs að nálgast hlutina út frá forsendum ólíkra fræðigreina. Eykur þetta tvímælalaust gildi bókarinnar.

Ragnarsbók er í heild mikilsvert framlag til fræðilegrar og almennrar umræðu um þýðingarmikil samfélagsleg málefni. Ritid mun án efa gagnast í háskólakennslu, í starfi ýmissa fagstétta, einkum lögfræðinga, auk þess sem áhugamenn um mannréttindi, réttarríkið og þróun lýðræðislegra stjórnarháttanna almennt ættu að finna þar sitt hvað við sitt hæfi. Frágangur ritsins er ritstjórn og útgefendum til sóma.